

Athuga skal möguleika á að draga úr kostnaði við rekstur Tryggingastofnunar ríkisins, með því að semja við banka eða sparisjóði um, að þær stofnanir annist útborgun á bóttum frá almannatryggingunum.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Nr. 84.

13. júní 1967.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerðum nr. 81 frá 2. september 1965 og nr. 2 frá 19. janúar 1966, sbr. og reglugerð nr. 82 frá 7. júní 1966.

Forseti Íslands féllst hinn 13. júní 1967 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958 með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerðum nr. 81 frá 2. september 1965 og nr. 2 frá 19. janúar 1966, sbr. og reglugerð nr. 82 frá 7. júní 1966:

1. gr.

Á eftir 15. tölul. í 45. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Verkleg próf samkvæmt 7. og 8. tölulið skulu vera með þeim hætti, að í lok kennslumisseris gefa kennarar og prófdómendur prófmönnum einkunnir fyrir meiri háttar verklegar úrlausnir, sem þeir hafa unnið síðustu 2 misserin.

2. gr.

52. gr. II., 2. mgr., breytist svo, að í stað orðanna „í lok marzmánaðar“ komi „í marzmánuði“.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 13. júní 1967.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius